Bréf til ritstjóra Morgunblaðsins:

Í tilefni Reykjavíkurbréfs

eftir Eyjólf Konráð Jónsson


Ég kemst ekki hjá því vegna frábærs Reykjavíkurbréfs að senda hinum ósýnilega anda Morgunblaðsins þessar línur, til þess m.a. að benda á veikleika bréfsins en í því segið þið:

„Stefnuskrá nýrrar umbótasinnaðrar ríkisstjórnar verður ekki til á einni nóttu. Hún verður heldur ekki til í tveggja mánaða samningaþófi um stjórnarmyndun að kosningum loknum." Stefnuskrá nýrrar umbótasinnaðrar ríkisstjórnar, meirihlutastjórnar Sjálfstæðisflokksins, verður ekki til á einni nóttu, rétt er það. En hún gæti fæðst á þeirri dagstund þegar forusta Sjálfstæðisflokksins, eins og Friðrik Sophusson kallar sjálfan sig og Þorstein Pálsson eina manna, lýsti yfir gjaldþroti „Leiftursóknarstefnunnar", sem lítill hópur gamalla ungmenna knúði fram 1979 og allar götur síðan undir slagorðunum: Valddreifing og Báknið burt, enda lofi hún um leið að bendla enga foringja Sjálfstæðisflokksins frá Jóni Þorlákssyni til þessa dags við ofstjórnar- og ofsköttunarstefnu.

Rétt er það hjá ykkur að samningaþóf var langt sumarið 1987 en þið vitið allra manna best að því lauk farsællega og ættuð kannski einhvern tíma að lýsa því og svikunum dagana 8. og 9. október það haust, þegar skattheimtubrjálæði komst á áður óþekkt stig, þótt barnaleikur sé hjá því sem síðar hefur gerst. Annars get ég minnt ykkur á það.

Þetta sumar pólitísks sólarleysis tókst þrátt fyrir allt að ná fullu samkomulagi þriggja stjórnmálaflokka um þokkalegusta stjórnarsáttmála þar sem rækilega var fram tekið, að sú skepna sem nefnd er ríkissjóður ætti ekki að sitja í fyrirrúmi fyrir fólkinu og atvinnuvegunum. Þetta sveik stjórnin á fundi sínum 8. október án samráðs við þingflokka. Þá réð hún sér bana og kyrrstaða Báknsins var innsigluð þegar Árni Vilhjálmsson formaður bankaráðs Landsbankans sagði af sér.

Þið vitið að ég spáði því, þegar ég og mínar hugsjónir voru sviknar á haustdögunum 1987 og tveggja milljarða gatið á fjárlögum sem átti að fylla með fimm milljarða skattaáþján til að hafa borð fyrir báru, eins og Jón Baldvin Hannibalsson, versti fjármálaráðherra til þess tíma, orðaði það, mundi leiða til mesta halla ríkissjóðs frá upphafi vega. Borðið fyrir bárunni lenti rúmlega sjö milljörðum undir sjávarmáli og var því á sama róli og aðalatvinnuvegurinn. Hagstæðasti andstæðingur sem unnt er að óska sér, Ólafur Ragnar Grímsson, breiðir nú yfir þetta allt saman með tveggja stafa tölu milljarðanna bæði í nýjum sköttum og ríkissjóðshalla enda fer ofsköttun og halli ríkissjóðs, atvinnuvega og heimila ætíð saman. Þetta hef ég sagt ykkur í tvo áratugi og skrifað og rætt um stanslaust í rúman helming þess tíma opinberlega. Mér fannst örla fyrir því sl. laugardag þegar við Styrmir vorum að rabba við utanríkisráðherrann að hann væri



Eyjólfur Konráð Jónsson

að fá svolítinn skilning á þessu — og jafnvel fyrrverandi fjármálaráðherra.

Mér datt í hug að skrifa ykkur í þessum tón í von um að fleiri lesi. Kerfiskarlar skilja ekki rök, en þeir reka sig á staðreyndir þótt þeir loki báðum augum. Annars er mér ekki kerskni í huga helur bjartsýnn að vanda og þakka ykkur tilskrifið. Við sigrum í haust.

Höfundur er einn af alþingismönnum Sjálfstæðisflokksins fyrir Reykjavíkurkjördæmi.

Þriðjudagstónleikar

í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í kvöld kl. 20.30

Sigríður Gröndal, sópransöngkona, og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanóleikari, flytja verk eftir Hugo Wolf, Schubert, Debussy og Henri Duparc.

BOSCH

RAFMAGNSVERKSTÆÐI fyrir bíla

BRÆÐURNIR ORMSSON HF

Lágmúla 9, sími: 38820

Viltu spara?

Eigum fyrirliggjandi góðan ljósritunarpappír á mjög hagstæðu verði.

ÓJ&K

Ó. Johnson & Kaaber hf

Kaupmannahöfn:

Haukur Dór sýnir í Jónshúsi

Jónshúsi, Kaupmannahöfn.

HAUKUR Dór opnaði sýningu á smámyndum í félagsheimilinu í Jónshúsi fyrir nokkru. Er þar um tússteikningar að ræða, síður en svo einkennandi fyrir listamanninn, sem þekktastur er fyrir geysistór og kraftmikil olíumálverk. Þetta er fjórða sýning hans á árinu, en hinar voru í Gallerí Thain hér í borg og tvær sýningar í Norður-Þýskalandi sem enn standa.

Önnur sýninganna í Þýskalandi er í Loccum, nálægt Hannover, og þar sýnir einnig myndhöggvarinn Preben Boye. Hefur sýning þeirra hlotið mjög lofsamlega dóma og segir t.d. í einu staðarblaði: „Í málverkunum tjáir Dór íslenskan uppruna sinn og sýnir áhrif hinna erfiðu aðstæðna á manneskjuna, minnir á eldgosin og leiðir áhorfandann inn í heim íslenskra fornsagna." Hin sýningin í Þýskalandi er norræna sýningin í listamiðstöðinni Mikkelbergi. Hlutur hans þar hefur líka hlotið jákvæða umfjöllun og er plakat sýningarinnar, sem hann gerði, til sölu víða.

Haukur Dór hefur nú um eins árs skeið haft verkstæði í bænum Frederiksværk. Þar er mjög áhugavert verkefni á döfinni, en bæjarstjórinn lætur standsetja gamla verksmiðjubyggingu sem listamannahús. Þrír bæjarlistamenn fluttu starfsemi sína þar inn í fyrra, fyrst leirkerasmiðurinn Per Weiss og síðan Haukur Dór og Preben Boye og brátt bætast gullsmiður og vefjarlistakona í hópinn. Elsti hluti járnsmiðjunnar er frá 1769 og er verið að endurbyggja hann sem listasafn og menningarmiðstöð. Er fyrsti áfangi þessa umfangsmikla verks var tekinn í notkun í fyrrasumar fluttu bæjarstjórinn í Frederiksværk og Hans Futtrup, formaður listaráðs, ávörp en sá síðarnefndi átti hugmyndina að listahúsinu. Nú er í ráði að bjóða erlendum listamönnum starfsaðstöðu og tíma og koma fyrstu gestirnir í haust. Mikil umræða er að baki, er fylgt var eftir af gífurlegri vinnu og brátt mun heildarárangur sjást. Iðnaðarbærinn Frederiksværk vekur nú líka athygli fyrir listamenn sína.

Hakur Dór og Preben Boye opna tvær sýningar hlið við hlið á Kjarvalsstöðum 24. júní nk. og geta íslenskir listunnendur búist við miklu af þeim félögum.

– G.L.Ásg.

Vmf. Hlíf:

Ríkisstjórnin vítt fyrir svikin loforð


STJÓRN verkamannafélagsins Hlífar hefur harðlega mótmælt „þeim miklu verðhækkunum sem ríkisstjórnin stendur nú fyrir," eins og segir í ályktun sem Morgunblaðinu hefur borist.

Ennfremur segir: „Fundurinn vítir ríkisstjórnina fyrir að samþykkja þessar hækkanir þvert ofan í gefin loforð og telur að með þeim séu forsendur kjarasamningana frá 1. maí s.l. brostnar. Fundurinn áskilur verkafólki allan rétt til hverra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar kunna að reynast til þess að endurheimta þann kaupmátt sem samið var um."

Morgunblaðið

Áskriftarsíminn er 83033

Firestone



Firestone radial ATX heilsársdekk og radial ATX 23° torfærudekk. Gripmikil, sterk og endingargóð.

JÖFUR HF

Nýbýlavegi 2, Kópavogi

Sími 42600

PÚSTKERFIN FRÁ FJÖÐRINNI

Gæðavara úr álseruðu efni sem gefur 70–80% betri endingu gegn ryði.

KYNNTU ÞÉR OKKAR VERÐ ÁÐUR EN ÞÚ LEITAR ANNAÐ



FJÖÐRIN Skeifunni 2 82944

Póstsendum um allt land

„ALLT Í PÚSTKERFI"